

**RANNSÓKNIR Í
FÉLAGSVÍSINDUM X
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD OG
STJÓRNMALAFRÆÐIÐ**

Eirindi flutt á ráðstefnu í október 2009

Risstjórar

Halldór Sig. Guðmundsson
Slija Bára Ómarsdóttir

Efnisyfirlit

Höfundalisti	8
Formáli	9

FÉLAGSRÁÐGJÖF

Anna Dóra Sigurðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir: <i>Sér gefur gjöf sem gefur: Rannsókn um lífandi nýragsjía</i>	11
Anni G. Haugen: <i>Sannirna við gerð áætlaða um meðferð máls í barnaverndartarfi</i>	21
Áður Ósk Guðmundsdóttir, Helena Unarsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir: <i>Langarásvegur: Greining og upplýsingagjöf</i>	31
Cynthia Lisa Jeans: <i>Nursery Logic in the 21st Century: Social Policy and Children's rights</i>	41
Guðný Björk Eydal: <i>Fjarhagsaðstöð sveitarfélaga Norurlandna á kerppitimum: Hjálþ til sjálfsjáðbar?</i>	53
Halldór Sig. Guðmundsson og Sigurveig H. Sigurðardóttir: <i>Mat á þjónustuhöf aldraðra – þáttaka þeirra og aðstandenda</i>	67
Hrelna Ólafsdóttir: <i>Ljfa kallar: Eijóðatta og följaglegt meðferðarverkferfi fyrir unglinga í sjálfsvígðættu og följaskýlar þeirra</i>	81
Jóhanna Rósa Arnardóttir: <i>Aðgengi ungmenna að fjkeniefnum á Íslandi</i>	95
Sigrún Harðardóttir: <i>Framhaldsskólinn og velferð nemenda</i>	109
Sigrún Júlíusdóttir: <i>Samskipti foreldra og barna eftir skilnað</i>	119
Soffía Egilsdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir: <i>Samskipti aðstandenda og starfsfólks á hjúkernarþeimilum: Að dansa í takt</i>	131
Steinnunna K. Jónsdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir: <i>Stefnumótun og löggjöf í búsetumálum eldri borgara</i>	145
Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir: <i>Er endurbæfing gæðfattaðra að skella árangri?</i>	159

2009 Höfundar
ISSN 1670-6994
ISBN 978-9979-9956-1-6

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósritun, ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, nema að fengnu skriflegu leyfi höfunda eða útgefenda. Brot varða lög um höfundarrétt.

Mýnd á kápu er eftir Þorvald Skúlason (1906-84). Skissa á pappír. 1959.
Stærð 30 x 20 sm. Eign Listasafns Háskóla Íslands. Ljósmynd Kristján Pétur Guðnason

Umbrót: Ágústa Edda Björnsdóttir, Linda Guðmundsdóttir, Vala Jónsdóttir og Sóley Lúðvrlksdóttir

Prentunsiðjan: Prentsmiðjan Oddi ehf.

STJÓRN MÁLAFRÆÐI

Andrea Hálmisdóttir: „I am not a feminist...but“. <i>Conversations with 10th graders on issues of gender equality</i>	171
Auður H. Ingólfssdóttir: <i>Climate change and human security in the Arctic. The role of gender</i>	185
Birna Þórarinsdóttir: <i>Women and human security: How women helped bring about the human security agenda</i>	193
Eiríkur Bergmann: <i>Er Ísland fullballað?</i>	207
Eva Heiða Önnudóttir og Ólafur Þ. Harðarson: <i>Óánægðir þjóðreisninna: Afstada Íslendinga til þjórnar</i>	223
Grétar Þór Eyrþósson: <i>Mólin nýs sveitarfélags á norðanverðum Tröllaskaga: Um Fjallabyggð og áhrif Hólmstjartaranga</i>	233
Guðný Guðstafs dóttir og Þorgerður Einarsdóttir: <i>Konur og kerfið: Ríkissózialismi Ákvar-Eirþju og Ísland fjálsöðuggjinnar</i>	245
Guðmar Helgi Kristinsson: <i>Mahng pólitískra söðuneytinga</i>	257
Gyða Margrét Pétursdóttir: <i>Preserving the 'right' pay balance within the aura of gender equality</i>	269
Hannes Hólmsteinn Gissurarson: <i>Pólitískir þilgtrimar í Kína</i>	281
Helga Kristín Halldórsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir: <i>Women's activism and the welfare state: Social citizenship claims and the development of childcare policy in Canada and Iceland in comparative perspective</i>	293
Jóhanna Jónsdóttir: <i>Can the EFTA states say "no"?</i> <i>Article 102 and the incorporation of the</i> <i>Citizenship Directive into the EEA Agreement</i>	307
Kjartan Ólafsson og Þóroddur Bjarnason: <i>Áð heiman. Munur á skráðri og raunverulegri búsetu á Íslandi</i>	319
M. Eivíra Méndez Pinedo: <i>Iceland at crossroads: A dilemma in the European integration</i>	329
Ómar H. Kristmundsson: <i>Erni ráðningarmyndir gagnleg leið við skýpanir aðstu embættismanna?</i>	341
Silja Bára Ómarsdóttir: <i>Uppbýst feminísk utarráðsstaefnar: Áhrif kennanaryfninga á utarráðsstaefnu Íslands</i>	353

Vífill Karlsson og Grétar Þór Eyrþósson: <i>Búsetuskýrni á Íslandi: Hverju sækist fólk eftir?</i>	365
Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson: <i>Ljófærði Fjallabyggðar, 1928-2028</i>	381

Búsetuskilyrði á Íslandi

Hverju sækist fólk eftir?

Vífill Karlsson
Grétar Þór Eypórssón

Hvaða þættir eru ráðandi þegar fólk velur að flytja búferlum? Fjöldi Íslendinga flytur búferlum á hverju ári. Þetta er svosem engin nýlunda en undanfarin 100 ár hafa þessar hreyfingar leitt til viðvarandi fækkunar til sveita, stöðunnar í þorpum og bæjum og mikinn vöxt á höfuðborgarsvæðinu þegar horft er til mannfjöldarala. Þessi þróun er ekki bundin við Ísland, heldur hefur verið einkenandi um heim allan og viðfangsefni vísindamanna í fjölda rannsókna.

Þegar horft er langt aftur kemur margt spáskt fyrir sjónir. Í dag eru borgir mjög eftirsóknarverðar til búsetu en árið 1788, eftir að verslun var gefin fjáls á Íslandi, höfðu Íslendingar áhyggjur af vexti og viðgengi kaupstaða (Þéttbýla) og veittu opinberum styrkjum til búsetu í bæjum. Þar má nefna m.a. 20 ára undanþágu frá sköttum. Kaupstaðirnir voru Reykjavík, Grundarfjörður, Ísafjörður, Akureyri, Eskifjörður og Vestmannaeyjar (Guðmundur Ingólfsson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, 1987). Rúnum 100 árum síðar koma fram áhyggjur höfundarins Guðmundar Magnússonar í bókinni Höllu (1906) á búsetu til heiða á Íslandi sem lýsir því yfir í lok bókar að blómleg byggð elgi aftur eftir að verða þar en þá var stráumunin af heiðunum niður á ströndina. Ennþá lætur sú endurkoma á sér standa. Þá er virað að blómlegar borgir erlendis hafa bæði horfið eða gengið í gegnum verulega fólksfækkun. Hér má nefna borgina Efesus í Tyrklandi sem nú er horfin og Róm sem hafði haft milljón íbúa þegar Rómaveldi var í blóma gekk í gegnum erfðaleika eftir hnignun þess og urðu íbúar þar um 40.000 þegar minnst var áður en þeim fór að fjölga aftur (Gardner, 1991).

Þrátt fyrir þessa velgengi borga benda nýlegar rannsóknar til að þessi þróun kunnir að vera breytast. Þetta útskýra nokkrir vísindamenn með svokallaðri andborgarmyndun (Dahms og McComb, 1999; Mitchell, 2004; Stockdale, Findlay og Short, 2000) sem hefur verið áberandi í um 30 ár bæði

í Evrópu og Bandaríkjunum. Andborgarmyndun á sér stað þegar fólk sem býr í borgum flytur búferlum í strjálbýlið annað hvort í þeim tilgangi að halda áfram miklum tengslum við borgina eða halda þeim í algjöru lágmarki. Sunnt flytja bústað sinn og halda vinnu sinni áfram í borginni. Samkvæmt Murata and Thisse (2005) er vinnuafli hreyfanleg og hefur tilhneigingu til ferðast á milli heimilis og vinnustaðar og ef ferðakostnaður lækkar, geta íbúar dregið úr kostnaði sem stundum fylgir búsetu í borgum með því að búa fjárri þeim. Aksturvegalengdir á milli heimilis og vinnu hafa verið viðfangsefni margra rannsókna (de Bartolome og Ross, 2003; De Borger og Van Dender, 2003; Murata og Thisse, 2005; Ogura, 2005; Timothy og Wheaton, 2001; Van Ommeren og Rietveld, 2005; van Ommeren, Rietveld og Nijkamp, 1997; Wrede, 2001).

Tafla 1. Stærð og staðsetning dreifbýla á Íslandi árið 2004

Stærð og staðsetning þérbýla á Íslandi – Desember 2004					
Byggt á gögnum Hægstofu Íslands	Alh landið	Suðurland	Vesturland	Norðurland	Austurland
Fjöldi íbúa á bilinu 0-500	60	14	19	18	9
Fjöldi íbúa á bilinu 501-1.000	17	5	3	4	5
Fjöldi íbúa á bilinu 1.001-10.000	25	13	5	4	3
Fjöldi íbúa fleiri en 10.001	4	3	0	1	0
Alls	106	35	27	27	17

Þrátt fyrir mikla söku Íslendinga inn á höfuðborgarsvæðið eru yfir 100 þérbýli víðsvegar í öllum fjórðungum landsins. Þau eru flest á Suðurlandi en fäst á Austurlandi. Hinsvegar hafa margar býjarðir farið í eyði, jafnvel þó þeir og þorp hafi í rauninni ekki gert það. Dæmi eru jafnvel um að þeim fjölgí í einstraka landslunum. Þar má nefna Melahverfi, Hvirnneyri og Bifróst á Vesturlandi, Hrafnagil í Eyjafróði og Reykholi í Biskupstungum. Mannfjöldi á Íslandi fór yfir 300.000 í janúar 2006. Allir búa á láglandi sem nær eingöngu yfir um 20% af flatarmáli landsins. Ísland er strjálbýlt evrópskt land jafnvel þó óbyggðir landsins séu dregnar frá heildarflatarmáli þess.

Þróun búferlaflokkanna á Íslandi undanfarnin 20 ár er um margt athyglisvert eins og glöggst má sjá á Mynd 3 í nýlegum hagvísí Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (Vilhjall Karlsson, 2008). Brotfluttur voru að jafnaði fleiri en aðfluttur árin 1987-1996 í öllum sveitarfélögum nema sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu með fæcinum undantekningum á Suðurlandi. Miklu færri sveitarfélög voru í þessum hópi árin 1997-2006. Flest hinna eru nærri höfuðborgarsvæðinu, þ.e. á Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi. Þá er athyglisvert að tvö þeirra eru í Eyjafróði og eitt á Austurlandi. Þau sveitarfélög

sem koma ver út og eru með að jafnaði fleiri brottflutta en aðflutta árin 1997-2006 eru aðallega á Vestfirðum, Norðurlandi eystra ásamt Reykjávk og Seljarnarnesi. Þetta eru athyglisvert unskipti og minnir töluvert á fyrnefnda andborgarmyndun. En hverjir eru þessir þættir sem ráða því brott fólk flytur frá einum stað til annars? Þetta er rannsóknarspurning þessarar greinar.

Árið 2006 stóðu greinathöfundar ásamt öðrum að baki rannsókn sem ætlað var að kanna mynd landslutans Vesturlands í augum höfuðborgarbúa og annarra landsbyggðarbúa. Gerð var skoðanakönnun meðal íbúa höfuð- og borgarsvæðisins, auk íbúa Vestfjarða og Norðurlands vestra. Augum var sérstaklega beint að búsetu og búsetuskiptirum. Meðal annars var sérstaklega spurt um það hversu mikilvæg ákveðin búsetuskiptir væru ef viðkomandi væri að þugga að sejtast að í öðrum landshluta. Greinin tekst á við niður- stöður úr þeim spurningum – enda voru þær almennar, þ.e. ekki var spurt sérstaklega um Vesturland í samhenginu, heldur landsbyggðina almenn. Niðurstöðurnar eru almennar en ekki sértekur fyrir Vesturland. Könnunin var unnin af Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifróst fyrir Samtök sveitar- var félaga á Vesturlandi. Þeir sem komu að vinnslu hennar auk höfundanna voru Eva Heiða Ónanudóttir, Kolfína Jóhannsdóttir og Hólmfríður Sveinsdóttir. Uppbygging greinarinnar er eftirfarandi: Í inngangi var reynt að varpa ljósi á viðfangsefnið. Í kafla 2 verður fjallað um það hverjar eru helstu niðurstöður eflendra rannsókna á sviðinu. Þannæst verður gerð grein fyrir aðfræði sem beitt var, þá verður gerð grein fyrir niðurstöðunum og að lokum verða niðurstöður ræddar í ljósi breyttra aðstæðna í íslensku þjóðfélagi frá því rannsóknin var gerð.

Fræðilegur bakgrunnur

Margar rannsóknir hafa tekið fyrir búferlaflokkanna á milli landsvæða, bæði reynslurannsóknir og fræðilegar. Saga þessa rannsókna er löng. Hún er t.a.m. alveg síðan árið 1880 innan hagfræðinnar (Greenwood og Hunt, 2003). Þó er eins og athyglí og velgengni rannsókna á þessu sviði hafi gengið í bylglum en nýttur vaxandi athyglí um þessar mundir (Anjomani, 2002; Krugman, 1995). Þessi samantekt á fræðilegum bakgrunni byggir á nýjustu rannsóknunum innan búferlaflokkanna á milli landsvæða. Þrátt fyrir þessa takmörkun var úr miklum fjölda rannsókna að velja.

Markmið rannsókna hafa verið af ýmsum toga. Sumar þeirra hafa snúist um úrbætur í aðferðum, prófanir og samanburður við þær eldri (Greenwood, Hunt, Rickman, og Treyz, 1991; van Wissen og Huisman,

2002) og aðrar hafa verið leir að áhrifþáttum og samhengjum þeirra. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum þeirra síðarnefndu. Þær má flokka í þrennt. Fyrst má nefna eiginleika einstaklinganna sjálfra sem mælast gjarnan á lýðfræðilegum þáttum. Lýðfræði virðist geta útskýrt búferlaflokkninga með mismunandi hætti. Þar má nefna aldur, kyn og menntun. Yngra fólk er líklegra til að flytja brott heldur en þeir eldri (Mueser og Graves, 1995; Osberg, Gordon og Lin, 1994), konur frekar en karlar og er nokkuð viðvarandi samhengi í gegnum tíðina (Greenwood og Hunt, 2003) þó það finnst undantekningar sem virðist vera bundið við unga karla í sérstökum afmökkuðum tilgangi (Osberg o.fl., 1994). Þá virðist menntun fólks geta það líklegra til að skipta um búsetu (Mueser og Graves, 1995; Osberg o.fl., 1994). Þá hefur fjölskyldugerð áhrif á búferlaflokkninga eins og sjá má í rannsókn þeirra Freedman og Kern (1997). Þeir færðu rök fyrir því að starfsfami kvenna í einhverju sambúðartorni ásamt ábýrgð þeirra á heimilinu, þvingaði þær til að lágmarka ferðatíma á milli heimilis, vinnu, verslana og skóla. Þessi staða hefur rennt stöðum undir flokkning fólks úr dreifbýli í þéttbýli, sérstaklega hjá þeim sem hafa meiri fornlega menntun.

Þá má nefna efnahagslegar aðstæður íbúanna sem einkum má flokka á milli fasteigna- og vinnumarkaðar. Fjöldi aðfluttra er háður aðstæðum á fasteignamarkaði, þ.e. lágt fasteignaverð og húsaleiga (Baldwin, Forslid, Martin, Ottaviano og Robert-Nicoud, 2003; Epifani og Gancia, 2005; Rappaport, 2004). Skilyrði staðbundins vinnumarkaðar eru undirliggjandi orsakir fyrir fjölda aðfluttra (Mueser og Graves, 1995; Treyz, Rickman, Hunt og Greenwood, 1993), þar má nefna há hlutfallsleg laun (Anjomani, 2002; Epifani og Gancia, 2005; Osberg o.fl., 1994; Rappaport, 2004; Treyz o.fl., 1993) vaxtingar um háar tekjur (Baldwin, 2001; Osberg o.fl., 1994), lítið atvinnuleysi (Anjomani, 2002) og atvinnutekifæri (Greenwood og Hunt, 1984; Treyz o.fl., 1993; van Ham og Atzema, 1999). Athyglisvert er að atvinnutekifæri virðast hafa meiri áhrif á fjölda aðfluttra heldur en laun og hefur þetta verið túlkað sem áhættufælni launafólks. Rannsóknir á áhættufælni innan þessa fræðasviðs eru ekki fyrirferðarmiklar en þó má benda á þá Andrulis (1982) og Töluvert seina Kan (2003), sem báðir komust að því að líkurnar á búferlaflokkningum dragast saman með áhættufælni íbúanna.

Í þriðja og síðasta lagi má nefna ýmsa ytri þætti sem felast í þeirri umgjörð sem atvinnugreinarar og byggðarlagið mynda saman til starfa og búsetu. Fjöldi atvinnugreina, samsetning og fjölbreytni skipa miklu máli fyrir búferlaflokkninga. Sýnt hefur verið t.a.m. fram á að breytingar í atvinnuháttum, t.d. vegna tillutnings starfa frá framleiðslugreinum til

þjónustugreina, hafi markækk áhrif á búferlaflokkninga (Anjomani, 2002; Mueser og Graves, 1995). Þessir þættir hafa verið að breytast töluvert á Íslandi síðustu ár, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Staðbundið skynvirði (Graves, 1980; Greenwood o.fl., 1991; McCann, 2001; Mueser og Graves, 1995; Rappaport, 2004; Treyz o.fl., 1993) virðist hafa mikil áhrif á búferlaflokkninga milli landsvæða. Gott veðurfar, náttuufar, og falllegt útsýni (Greenwood o.fl., 1991; McCann, 2001; Mueser og Graves, 1995; Rappaport, 2004), lítið umferðaröngþveiti (Epifani og Gancia, 2005), lág glæpatíðni (Anjomani, 2002), litl mengun (Anjomani, 2002; Epifani og Gancia, 2005), líttl þéttleiki byggðar (Anjomani, 2002) og góðir möguleikar til menntunar (Anjomani, 2002) eru allt þættir sem geta verið á bakvið hátt skynvirði og sýnt hefur verið fram á að hefur áhrif á fjölda aðfluttra. Aðgerðir hins opinbera geta haft áhrif á búferlaflokkninga. Nýlegar rannsóknir hafa veitt tekiullfærslum hins opinbera sérstaka athygli (Kaesner, Kauschal og Van Ryzin, 2003; Savig, 1999), þá einnig sköttum og niðurgerðisllum hins opinbera (Beladi og Marjit, 1996; Wing, 2006) og hvernig þetta leiðir til mismunandi landfræðilegrar velferðar neytenda og þar með hvatt til búferlaflokkninga.

Nú hafa verið taldir upp margar þættir sem sýnt hefur verið fram á að hafi áhrif á búferlaflokkninga milli landsvæða í ýmsum löndum. Sumir þáttanna virðast geta haft einhlíða áhrif á búferlaflokkninga á milli landsvæða meðan aðrir hafa meiri eða jafnvel eingöngu áhrif með öðrum. Bætur á grunngerð eru dæmi um þetta. Samgöngubætur eða bætur á fjaraskiptakerfi hafa meiri áhrif ef landfræðilegur munur er á framleiðni og skynvirði (Bjorvatt, 1999, 2000; Rappaport, 2004).

Eins og getið var að framan þá eru rannsóknir búferlaflokkninga á milli landsvæða ekki margar til fyrir Ísland. Þó er rétt að nefna rannsóknir Karls Benediktssonar og Hjaltla Nielsen (2008) og Vífls Karlssonar (2008). Niðurstöður Karls og Hjaltla voru m.a. þær að þjónustustig hafi almennt jákvæð áhrif á íbúáþróun. Auk þess er þar bent á að þjónustustig aukist með íbúafjölda. Þá má aeda að talan yfir íbúafjölda sem noruð var í rannsókn Vífls, endurspeglir heildarþjónustustig víðkomandi byggðarlaga. Niðurstöður Vífls voru hinsvegar á hinn veginn – þ.e. íbúafjöldi virtist ekki stuðla að frekari jákvæðum búferlaflokkningum. En hvers vegna var þá ósamræmi í niðurstöðum þessara tveggja rannsókna? Ein skýringin kann að vera sú að rannsókn þeirra Karls og Hjaltla var bundin við byggðarlög sem búið hafa við venulega fækkun íbúa á tímabilinu 1996-2006. Ekki er þetta er í nágreinni við höfuðborgarsvæðið eða Akureyri. Myndræn greining í rannsókn Vífls gaf til kynna að ef slíkir byggðarkjarnar voru teknir út úr safninu fór íbúafjöldinn að

skipta máli. Því má kannski segja að íbúafjöldi byggðarlagsins fari að skipta máli ef langt er í næsta stóra þjónustukjarna. Til að draga niðurstöður þessara rannsóknna saman má segja að þeir byggðarkjarnar hafi vaxið hraðast sem ná að sameina sem best eiginleika borgar og sveitar. Stór hluti þeirra íbúa sem hafa verið á fjaraldsfæri undanfarnin áratug hefur sóst eftir búsetu í dreifbýli með góðu aðgengi að borg. Því má segja að smærð þéttbýla virðist geta unnið með þeim byggðarlögum sem liggja nærri stórum þjónustukjarna, einkum Reykjavík en á móti þeim sem gera það ekki. Ýmslegt annað forvitnilegt kom fram í þessum rannsóknum. Nálagð við höfuðborgina virtist t.d. stuðla að jákvæðum búferlafurtingum í rannsókn Víðils. Þess utan komu fram sterkar vísbendingar fyrir því að þrálátur straumur af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið væri í réttu rannsókn.

Að einhverju leyti má búast við svipuðum niðurstöðum hérlendis og erlendis. Það er þó vissara að kanna hvort það reynist rétt því aðstæður á Íslandi eru um margt frábrugðnar því sem þar er. Íbúar eru óvenju fáir á Íslandi og landið stórt. Það er eingöngu eitt borgarsvæði sem hægt er að bera saman við borgarsvæði erlendis. Bær og þorp á Íslandi eru mjög lítil og miklar fjarlægðir á milli á vegakerfi sem er miklu lakara en annarsstaðar í hinum vestrenna heimi.

Aðferðir

Könnunin sem um ræðir var póstkönnun, gerð meðal úrtaks íbúa á höfuðborgarsvæðinu, Vestfirðum og Norðurlandi vestra á aldrinum 20-70 ára í september, október og nóvember 2006. Tekið var tilviljanáttak úr þjóðskrá meðal 1500 íbúa á höfuðborgarsvæðinu, 250 íbúa á Vestfirðum og 250 á Norðurlandi vestra. Endanlegt úrtak var 1949 manns, alls svörnðu 462, 342 af höfuðborgarsvæðinu, 65 frá Vestfirðum og 55 frá Norðurlandi vestra. Heildarvarhlutfall var því 23,7%. Svarhlutfall á höfuðborgarsvæði var 23,5%, á Norðurlandi vestra 22,4% og á Vestfirðum 26,1%. Ítarleg skýrsla var gerð um könnunina á veggum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifrost (RHB) og kom hún út í febrúar 2007 (Grétar Þór Eypósson, Eva Heiða Ónnadóttir, Kolfína Jóhannesdóttir og Hólmfríður Sveinsdóttir, 2007).

Greining og niðurstöður

Í könnun RHB var fólk spurt spurninga um 18 atriði sem kenningar og reynsla telja til þeirra búsetuskilyrðabáta sem skipa fólk máli. Lágu þar til grundvallar félagsfræðilegar og hagfræðilegar kenningar um hvaða þættir skipa máli fyrir búferlafurtinga. Samkvæmt reynslu og rannsóknun er um að ræða þjónustu við barnafjölskyldur, náttúra og kyrrð og ró, lífskjör, aðgengi að menningu og aðgengi að mennun og arvinnu (Baldvin, 2001; Greenwood o.fl., 1991; Hagfræðistofnun og Bygðarárnáskastofnun, 2003; McCann, 2001; Mueser og Graves, 1995; Olafsson, 1997; Treyz o.fl., 1993; van Ommeren o.fl., 1997). Í töflu 2 má finna alla ástíján þættina.

Með því að takmarka umfangið til ástíján þátta er vissulega verið að setja búsetuskilyrðamöguleikum skorður, þar sem lengi mætti halda því fram að þeir gætu verið fleiri. Það hefur þó verið röksturt hér að framan að þessir þættir séu óumdeilanlega mikilvægir, auk þess sem fyrri rannsóknir hafa gefið þá stærkt til kynna. Verður því greining þessi að skoðast út frá því að ekki fleiri en ástíján búsetuskilyrðabættir voru til umfjöllunar. Fólk var beðið um að svara því hversu mikilvæga það teldi þættina, væri það að íhuga að setjast að í öðrum landshluta. Var boðið upp á svarnögulekana *mjög mikilvægt*, *frékar mikilvægt*, *frékar líttvægt* og *mjög líttvægt*. Af þeim 462 sem alls tóku þátt í könnuninni í heild var svörun við spurningunni góð eða á bilinu 434-451. Innra brottfall í spurningunni varð því mest um 6 prósent. Í töflu 1 hér að neðan er að finna dreifingu svaranna við spurningunni um alla þættina 18 og sýnir hún samanlagt hlutfall þeirra sem töldu þættina mjög eða frékar mikilvæga.

Tafla 2. Viðhorf fólks til þess hversu mikilvægir 18 búsetuþættir eru (% sem telja mjög eða frekar mikilvægt)

Búsetuþáttur	Hlutfall	N
Fjölbreytt atvinnutækifæri	94,70%	450
Nálægð við náttúruna	93,80%	449
Gott farskiprakerfi	93,60%	451
Að búa þar sem gleypir enu fátíðir	92,60%	447
Að lágvöruverðsvæslun sé nálæg	91,10%	450
Kynnð og ró	89,50%	449
Að losna við milda bílaumferð	85,10%	449
Að góðir grunnskólar séu á svæðinu	85,10%	442
Lægja húsnæðisverð	84,00%	449
Gott umhverfi til að ala upp börn	83,60%	445
Gott framboð á þróttum og afþreyingu	81,40%	436
Að framhaldsskóli sé á svæðinu	81,10%	438
Að búa ekki of þétt	79,60%	447
Gott framboð á menningu	75,10%	442
Góðir leikskólar	73,90%	437
Nálægð við höfuðborgarsvæðið	66,80%	443
Að háskóli sé á svæðinu	53,30%	437
Gott framboð á leiguhúsnæði	46,80%	434

Flestir þáttanna virðast vera mjög mikilvægir í hugum fólks og tólf þeirra eru taldir mjög eða frekar mikilvægir hjá fleiri en 80 prósent svarendna og fimm þeirra eru taldir mikilvægir hjá fleiri en 90 prósent svarendna. Aðeins einn þáttanna, gott framboð á leiguhúsnæði er talinn mikilvægur af minna en 50 prósent svarendna. Afritu þessar niðurstöður að vera strek viðbending um að val á þessum átján þáttum sé réttmært.

Þeir fimm þættir sem náðu hæsta skorinu og fóru yfir 90 prósent voru: Fjölbreytt atvinnutækifæri, nálægð við náttúruna, að hafa gott farskiprakerfi, að hafa lága glæparíðni og að lágvöruverðsvæslun sé nálæg. Líóst er því að efnahagslegir, félagslegir og umhverfislegir þættir eru allir meðal þeirra sem eru efst í hugum fólks.

Þar sem könnunin var annars vegar gerð meðal íbúa sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar meðal íbúa Norðvesturkjördæmis annarra en íbúa Vesturlands er það vissulega áhugaverð spurning hvort viðhorf til þess hvaða búsetuþættir skipi máli séu ólík milli höfuðborgar og

landsbyggðar, eins og stundum er sagt. Ef búseta viðkomandi og þær aðstæður sem hann/hún eru von við ráða hér einhverju, heði mátt búast við verulegum mun þarna á milli í þeim 18 búsetuþáttum sem spurt var um. Í töflu 3 sést hins vegar að í einungis 7 af 18 tilfellum er um tölfræðilega marktækan mun milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar að ræða.

Tafla 3. Viðhorf fólks til þess hversu mikilvægir 18 búsetuþættir eru (% sem telja mjög eða frekar mikilvægt). Sjó búsetuþættir þar sem marktækur munur var á svörum af höfuðborgarsvæði og utan þess

Búsetuþáttur	Höfuðborg	Landsbyggð	N
Gott farskiprakerfi	94,20%	91,80%	451
Að búa þar sem gleypir enu fátíðir	90,60%	98,50%	447
Að góðir grunnskólar séu á svæðinu	83,10%	92,00%	442
Gott framboð á þróttum og afþreyingu	80,20%	86,90%	436
Að búa ekki of þétt	77,30%	89,30%	447
Nálægð við höfuðborgarsvæðið	76,80%	20,90%	443
Gott framboð á leiguhúsnæði	42,50%	58,70%	434

Langmestur er munurinn í því hversu mikilvæg nálægð við höfuðborgarsvæðið er (56 prósentustig) en ekki þarf að koma á óvart að það sé mikilvægara í augnum þeirra er þar búa. Veldur þar eflaust nálægð við skyldmennni auk þess sem þjónustutengdir þættir skipa þar eflaust máli. Allnokkur munur er á því hversu mikilvægt það er talið að hafa gott framboð á leiguhúsnæði (16 prósentustig), en slíkt er mikilvægara hjá landsbyggðarfólkinu. Skýring þess er trúlega sú að fasteignamarkaðurinn er mun grynmi utan höfuðborgarsvæðisins. Seljanleiki fasteignanna er lakari á landsbyggðinni. Fólk vill gjarnan búa þar en vill geta flutt ef aðstæður breytast án þess að fasteign bindi það. Minni hættu er á því á höfuðborgarsvæðinu, bæði þegar horft er til fasteignavinnuamarkaðarinnar. Loks munar 12 prósentustigum á höfuðborgarsvæði og landsbyggð í mikilvægi þáttarinnar að búa ekki of þétt, en rétt er að undirstrika að sá þáttur er mjög mikilvægur hjá báðum hópum. Þó höfuðborgarbúa þyrsti margna í að hafa meira olubogarymi utan þrengsla borgarinnar er slíkt enn meiri gæði í augnum þeirra sem við slíkar aðstæður búa. Höfuðborgarsvæðisbúar telja gott farskiprakerfi mikilvægara en landsbyggðarfólk á meðan landsbyggðarfólk þó leggur marktækt meiri áherslu á fátíðari glæpi, góða grunnskóla og gott framboð á þróttum og afþreyingu.

Það undirstrikar líklega almennt mikilvægi þeirra þátta sem fólk metur mikilvægasta samskræmt töflu 1 að þeir þrjú þættir þar sem mestu munar milli

höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar eru allir neðarlega á þeim lista yfir 18 mikilvæg búsetuskilyrði sem settur er fram í þeirri töflu. Almennit mikilvægi þeirra þátta er því greinilega ekki eins mikið.

Til þess að glöggva sig nánar á því hvort að baki viðhorfunum lægju einhverjir undirliggjandi þættir, var gerð *þáttgreining* (*factor analysis*). Í þáttgreiningu er gert ráð fyrir að flokkur spurninga geti verið að mæla sama þátt eða ólíkar hlíðar á sama teningi. Þannig mætti varpa á það ljósi hvaða samhangandi viðhorf það væru sem hefðu áhrif á mat fólks á mikilvægi búsetþátta.

Niðurstöður þáttgreiningarinnar voru að um fimm tölfæðilega gilda flokka samhangandi viðhorfa var að ræða¹. Reyndust þessir fimm þættir og þau viðhorf sem þeim tilheyra skýra um 63% af heildardreifingu allra svaramanna. Þertina fimm höfum við á grundvelli innihalds þeirra kosið að kalla: 1) *fjölskyldutengi*, 2) *náttúra og umhverfi*, 3) *lífskjör og framfarsla*, 4) *menning* og 5) *atvinnulífstengi* *atvði*. Í töflu 4 má sjá hvaða spurningar tilheyra hverjum þætti, en aðeins hafa verið tekið með þeir þrjú þættir sem samanstanda af fleiri en tveimur breytum.

Tafla 4. Þrjú þættir samhangandi viðhorfa fólks þegar mikilvægi búsetuskilyrða er metið

Fjölskyldutengi (E = 4,329)	
Að góðir grunnskólar séu á svæðinu	
Gott umhverfi til að ala upp börn	
Góðir leikskólar	
Að farnhaldsskóli sé á svæðinu	
Gott fambóð á íþróttum og afþreyingu	
Náttúra og umhverfi (E = 3,065)	
Kynið og ró	
Nálægð við náttúruna	
Að losna við mikla bláannferð	
Að búa ekki of þétt	
Að búa þar sem gleypir ein fatiðir	
Lífskjör og framfarsla (E = 1,818)	
Lægra húsnæðisverð	
Gott fambóð á leiguhúsnæði	
Að lagvönuverðsveitslun sé nálægt	
Gott farskiptækni	

1 Niðurstöður eru settar fram í Eiginvalde og er miðað við það nái að legmarki gildinu 1,0.

Áberandi sterkasti þátturinn samanstendur af fjölskyldutengdu þáttinum. Fólk er umhugað um að góðir skólar og leikskólar séu til staðar, en jafnframt að börnin geti alist upp í barnvænu umhverfi með möguleikum á íþróttum og tómstundum. Það er rökkrétt út frá því að farnhaldsskóla sé til að dreifa. Fjölskyldutengda viðlin er því sú sterkasta í samhengi rannsóknarinnar og því óhætt að fullræða að hér sé um að ræða þau samhangandi atriði sem mestu skipa hjá fólk og um leið skýr skilaboð til sveitarfélaga um að hlúa að þessum þáttum búsetuskilyrða eftir því sem vald- og áhrifasvið þeirra nær.

Annar sterkur þáttur er sá sem samanstendur af viðhorfum tengdum náttúru, umhverfi og olubogarymi. Þetta felst í senn í því að vera fjarri ys og þys og bláannferð, hafa olubogarymi sem felst í því að búa ekki of þétt við aðra og þá meira í tengslum og nágrenni við náttúruna. Um leið og þessu skilyrði eru til staðar eru líkur á að glæpatíðni sé minni en ella. Þennan þátt eða þessi samhangandi viðhorf veljum við að kalla *Náttúra og umhverfi*.

Loks er að geta þess þátta senn við kjósum að nefna *Lífskjör og framfarsla*. Þarna er að finna grundvallarframfarshætturina húsnæðisverð og matvæla- verð. Jafnframt er að finna atriði sem meira tengjast almennum búsetu- skilyrðum; leiguhúsnæði og farskipti sem í sjálfu sér geta einnig talist hagræn í þeim skilningi að tengjast afkomu fólks. Þarna fara því saman í einum þætti viðhorf sem öll tengjast lífskjörum, framfarslu og afkomunni — hinir efnahagslegu þættir.

Niðurstöðan er því sú að góð ungiörð um fjölskylduna virðist veða þyngst þegar fólk flugar búsetu. Þá eru það þættir sem snerta náttúru og umhverfi og efnahagslegir þættir koma síðast. Þetta er á vissan hátt óvæntar niðurstöður, en þó ekki því þær eru í nokkru samræmi við niðurstöðu Karls Benediktssonar (2008). Þá er rétt að benda á að annmarkar þessarar rannsóknar eru á vissan hátt þeir sömu og í rannsókna hans. Það kann að útskýra þetta að hluta. Þau svæði sem eru af landsbyggðinni eru einmitt svæði sem hafa búið við stöðuga íbúafákun — þ.e. af Vestfirðum og Norðurlandi vestra. Enginn svarenda býr á þeim þremur sem liggja næst höfuðborgarsvæðinu — þ.e. Vesturlandi, Suðurlandi og Reykjanesi. Enda má segja að svarendur af Vestfirðum og Norðurlandi vestra hafi lagt meira upp úr þáttum sem tengdust þjónustu heldur en svarendur á höfuðborgarsvæðinu, þar sem sá munur var marktækur: *fatlaðari glæpi, góða grunnskóla og gott fambóð á íþróttum og afþreyingu*.

Niðurstöðurnar í ljósi efnahagshrunsins

Framundan eru efnahagslega erfiðir tímar á Íslandi. Kreppa vofir yfir og búast má við að erfið verði að halda þjóðarskúrnunni á floti næstu árin. Spýrja verður hvort líklegt sé að fólk muni setja aðstæður fjölskyldunnar og náttúrugæði ofar efnahagslegum þáttum um val á búsetu eins og niðurstöðurnar gefa til kynna. Það getur varla talist líklegt. Búast má við að þetta kunní að snúast við þegar krepptur er og fólk fer að missa vinnuna eða tekiur lækka. Háfa verður í huga að mikil velmeðun ríkti þegar þessi spurningakönnun var gerð. Segja má að við þær aðstæður geti menn leyft sér að horta til þátta sem lúta að auknum lífsgræðum í forni mikilla græða í þjónustu við fjölskylduna og auðug náttúrugæði. Þegar heimilin hofa fram á raunverulegar efnahagsþrengingar munu efnahagslegir þættir verða ógn við fjölskylduna og hætt er við að lagt verði ofurkapp á að halda þeim í lagi og flýttast búferlum ef það er það sem þarf.

Elki er ósemnlegt að mynstur búferlaflutninga á Íslandi á krepputímabilinu sem framundan er munu verða annað en verið hefur. Til að glöggva sig á því má skippta landinu upp í höfuðborgarsvæðið, landsbyggðina nær höfuðborginni og landsbyggðina fjær henni. Landsbyggðin nær eru þeir staðir sem eru ekki á höfuðborgarsvæðinu en eru innan 120 km. veglengdar frá Reykjavík. Landsbyggðin fjær er allt utan þess radlúss.

Búast má við að það ástrand sem fer í hönd geit leit til fólksfélkunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna atvinnuleysis og kaupmáttarskerðingar. Þeir hópar sem gera má ráð fyrir að muni flytja eru þeir sem missir hafa vinnu að hluta eða að öllu leyri. Líklegt má telja að ófaglærðir geit séð hæg í því að flytja til landsbyggðanna fjær þar sem skortur er á fólki til þeirra frumvinnustarfsa sem þar eru ríkjandi. Faglærðir og háskólafólk munu fara í einhverjum mæli út landi til starfa. Þá má gera ráð fyrir að ófaglært fólk muni flytja af landsbyggðinni nær til landsbyggðanna fjær. Enn aðrir munu síðan flytja af landsbyggðinni nær inn á höfuðborgarsvæðið þegar fasteignaverð lækkar þar og ferðakostnaður hækkar. Þetta eru einstaklingar sem fluttu af höfuðborgarsvæðinu á hagvaxarskeiðinu vegna fasteignaverðsins en héldu áfram vinnu sinni þar og óku á milli. Landsbyggðin fjær mun fá töluvert af fólki til sín af báðum hlunum svæðunum. Hinsvegar mun fólk líka flytja af landsbyggðinni fjær út landinu. Þetta eru farandverkamenn af erlendu bergeti brotnir. Þetta mun gerast vegna þess að laun þeirra hafa lækkað mikið vegna gengisbreytinga. Samskonar hóp er að finna bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni nær og munu þau því upplifa tilsvarendi áhrif. Því má reða að búferlaflutningar verði neikvæðir á

höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni nær, en jákvæðir á landsbyggðinni fjær. Þess skal geit að hér er um skammtímaáhrif að ræða og búast má við að þegar kreppan renar, muni búferlaflutningar lúta aftur hinum hefðbundnari lögmálum sem þessi rannsókn hefur m.a. bent á.

Heimildir

- Andrulis, J. (1982). Intra-urban workplace and residential mobility under uncertainty. *Journal of Urban Economics*, 11(1), 85-97.
- Anjomani, A. (2002). Regional growth and interrate migration. *Socio-Economic Planning Sciences*, 36(4), 239-265.
- Baldwin, R. E. (2001). Core-periphery model with forward-looking expectations. *Regional Science and Urban Economics*, 31(1), 21-49.
- Baldwin, R. E., Forslid, R., Martin, P., Ottaviano, G. og Robert-Nicoud, F. (2003). *Economic Geography and Public Policy*. Princeton: Princeton University Press.
- Beladi, H. og Marjit, S. (1996). An analysis of rural-urban migration and protection. *Canadian Journal of Economics, Canadian Economics Association*, 29(4), 930-940.
- Björvarn, K. (1999). Third world regional integration. *European Economic Review*, 43(1), 47-64.
- Björvarn, K. (2000). Urban infrastructure and industrialization. *Journal of Urban Economics*, 48(2), 205-218.
- Dahms, F. og McComb, J. (1999). 'Counterurbanization', interaction and functional change in a rural amenity area -- A Canadian example. *Journal of Rural Studies*, 15(2), 129-146.
- de Bartolome, C. A. M. og Ross, S. L. (2003). Equilibria with local governments and commuting: income sorting vs income mixing. *Journal of Urban Economics*, 54(1), 1-20.
- De Borger, B. og Van Dender, K. (2003). Transport tax reform, commuting, and endogenous values of time. *Journal of Urban Economics*, 53(3), 510-530.
- Epifani, P. og Gancia, G. A. (2005). Trade, migration and regional unemployment. *Regional Science and Urban Economics*, 35(6), 625-644.
- Freedman, O. og Kern, C. R. (1997). A model of workplace and residence choice in two-worker households. *Regional Science and Urban Economics*, 27(3), 241-260.
- Gardar, J. (1991). *Sofas verður: Roman om filosofens historie* (A. Steingrimsdóttir og T. Ásmundarson, þýðendur). Reykjavík: Mál og menning.
- Graves, P. E. (1980). Migration and climate. *Journal of Regional Science*, 20(2), 227-237.

- Gréar Eyþósson, Eva Heiða Ónnudóttir, Kolfinna Jóhannsdóttir og Hólmfríður Sveinsdóttir. (2007). *Ímynd Vesturlands: Athugin á viðhorfum íbúa höfuðborgarsvæðisins og íbúa Vestfjarða og Norðurlands vestra*. Borgarbyggð: Rannsóknisstöð Háskólans á Bifstöð.
- Greenwood, M. J. og Hunt, G. L. (1984). Economically accounting for identities and restrictions in models of interregional migration. *Regional Science and Urban Economics*, 14(1), 113-128.
- Greenwood, M. J. og Hunt, G. L. (2003). The Early History Of Migration Research. *International Regional Science Review*, 26(1), 3-37.
- Greenwood, M. J., Hunt, G. L., Rickman, D. S. og Treyz, G. I. (1991). Migration, regional equilibrium, and the estimation of compensating differentials. *American Economic Review*, 81(5), 1382-1390.
- Guðmundur Ingólfsson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjólleifur Stefánsson (1987). *Kvæm: Byggingaraga Miðbeyjar Reykjavíkur*. Reykjavík: Torfasamtökin.
- Guðmundur Magnússon (1906). *Halla Reykjavík: Atnibiörn Sveinbjarnarson og Þorsteinn Gíslason*.
- Hagfræðistofnun, H. Í., og Byggingarrannsóknastofnun. (2003). *Fólk og fjritæk: Um búsetu og starfskeilyrði á landsbyggðinni*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggingarrannsóknastofnun.
- Kaesmer, R., Kausshal, N. og Van Ryzin, G. (2003). Migration consequences of welfare reform. *Journal of Urban Economics*, 53(3), 357-376.
- Kan, K. (2003). Residential mobility and job changes under uncertainty. *Journal of Urban Economics*, 54(3), 566-586.
- Karl Benediktsson og Hjalti Nielsen (2008). *Báseta og þjónusta*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannvísindadælið.
- Krugman, P. (1995). *Development, geography and economic theory*. Cambridge: The MIT Press.
- McCann, P. (2001). *Urban and regional economics*. Oxford: Oxford University Press.
- Mitchell, C. J. A. (2004). Making sense of counterurbanization. *Journal of Rural Studies*, 20(1), 15-34.
- Mueser, P. R. og Graves, P. E. (1995). Examining the role of economic opportunity and amenities in explaining population redistribution. *Journal of Urban Economics*, 37(2), 176-200.
- Muara, Y. og Thisse, J. F. (2005). A simple model of economic geography a la Helpman-Tabuchi. *Journal of Urban Economics*, 58(1), 137-155.
- Ogura, I. M. (2005). Urban growth controls and intercity commuting. *Journal of Urban Economics*, 57(3), 371-390.

- Osberg, L., Gordon, D. V. og Lin, Z. (1994). Interregional migration and interindustry labour mobility in Canada: A simultaneous approach. *Canadian Journal of Economics, Canadian Economics Association*, 27(1), 58-80.
- Rappaport, J. (2004). Why are population flows so persistent? *Journal of Urban Economics*, 56(3), 554-580.
- Saving, J. L. (1999). Migration, labor-leisure choice, and Pareto suboptimal redistribution. *Regional Science and Urban Economics*, 29(5), 559-573.
- Stefán Ólafsson (1997). *Báseta á Íslandi: Rannsókn á orsökum búferlufutninga*. Reykjavík: Byggingarrannsóknastofnun.
- Stockdale, A., Findlay, A. og Short, D. (2000). The repopulation of rural Scotland: Opportunity and threat. *Journal of Rural Studies*, 16(2), 243-257.
- Timothy, D. og Wheaton, W. C. (2001). Intra-urban wage variation, employment location, and commuting times. *Journal of Urban Economics*, 50(2), 338-366.
- Treyz, G. I., Rickman, D. S., Hunt, G. L. og Greenwood, M. J. (1993). The dynamics of U.S. internal migration. *The Review of Economics and Statistics*, 75(2), 209-214.
- van Ham, M. og Arzema, O. (1999). *Employment change, job access and migration*. Paper presented at the European Regional Science Association, ERSA. Sótt 9. Júní 2009 af <http://ideas.repec.org/p/wiw/wiwrsa/ersa99pa155.html>
- van Ommeren, J. og Rietveld, P. (2005). The commuting time paradox. *Journal of Urban Economics*, 58(3), 437-454.
- van Ommeren, J., Rietveld, P. og Nijkamp, P. (1997). Commuting: In search of jobs and residences. *Journal of Urban Economics*, 42(3), 402-421.
- van Wissen, L. og Huisman, C. (2002). Simulating the interplay between regional demographic and economic change in two scenarios. *Networks and Spatial Economics*, 2(2), 127-150.
- Wing, I. S. (2006). *Limiting CO2 emission in a federal system: Understanding and mitigating the cost of U.S. climate policy at the state level*. Paper presented at the ECODMOD Urban og Regional Modeling Conference. Sótt 10 júní 2009 af <http://www.ecomod.org/files/papers/1375.pdf>
- Vífill Karlsson (2008). Búferlufutningar og mannföldapróun á Vesturlandi í samanburði við landið allt. *Hagvísir Vesturlands*, 8(1), 16.
- Wrede, M. (2001). Should commuting expenses be tax deductible? A Welfare analysis. *Journal of Urban Economics*, 49(1), 80-99.